



# Stjórn SSH

## 377. fundur

**Mánudaginn 5. maí 2012** kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn og varamenn sátu fundinn: Haraldur Sverrisson, Guðmundur Rúnar Árnason, Jón Gnarr Kristinsson, Gunnar Einarsson Ármann Kr. Ólafsson

Guðný Ívarsdóttir var forfölluð, Pálmi Másson mætti til fundar kl. 13:20.

Ásgerður Halldórsdóttir stjórnarformaður smætti til setningar fundar, en skipaði síðan Harald Sverrisson sem fundarstjóra og vék af fundi.

Ennfremur sat fundinn S. Björn Blöndal aðstoðarmaður borgarstjóra

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

### 1. Málafni Sorpu bs.

Á fundinn mættu Oddný Sturludóttir stjórnarformaður Sorpu bs. og Björn halldórsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. til kynningar og umræðu um neðangreind mál:

- a) Erindi stjórnar Sorpu bs. til stjórnar SSH vegna stefnumótunar Metan.
- b) Erindi stjórnar Sorpu bs. til stjórnar SSH vegna viljayfirlýsingar um samstarf Sorpu bs. og Sorpstöðvar Suðurlands.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkti að vísa ofangreindum málum til umræðu í framtíðarhópi SSH, þar sem þau tengjast bæði yfirstandandi vinnu framtíðarhópsins við mótun eigendastefnu fyrir byggðasamlagið.

### 2. Innri endurskoðun sveitarfélaganna

Fyrir lá erindi frá bæjarstjóranum í Kópavogi vegna skoðunar á mögulegu samstarfi sveitarfélaganna um innri endurskoðun.

Ármann Kr. Ólafsson gerði grein fyrir erindinu

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkti að vísa málinu til stýrihóps þjónustu til frekari skoðunar í tengslum við yfirferð og greiningu hópsins á tillögum og möguleikum á samstarfi sveitarfélaganna, m.a. á sviði rekstrar og stoðþjónustu.



**3. Undirritun á samningi um eflingu almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu.**

Að aflokinni umfjöllun um ofangreind mál fór stjórn SSH til undirritunar á samstarfssamningi um tilraunaverkefni til eflingar almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu. Undirritunin fór fram við Höfða þar sem stjórn SSH ásamt fulltrúa Vegagerðarinnar, innanríkisráðherra og fjármálaráðherra undirrituðu samninginn.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:05